

# STJÓRNARTÍÐINDI B 74 – 1992

30. desember 1992

1017

Nr. 515

## REGLUGERÐ

### um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

#### 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari, þegar um er að ræða nauðsynleg lyf, sem ávísað hefur verið af lækni (tannlækni) og afgreitt er í lyfjabúð eða af öðrum aðila, sem hefur leyfi til lyfjasölu samkvæmt lögum um lyfjadreifingu nr. 76/1982, með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa, með áorðnum breytingum.

Lyfjabúðum og þeim aðilum sem leyfi hafa til lyfjasölu er skylt að afhenda sjúkratryggðum greiðslukvittun með sundurliðuðum kostnaði hans og Tryggingastofnunar ríkisins.

Ávísað magn á hverri lyfjaávísun (ordination) skal miða við mest 100 daga notkun.

#### 2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að fullu lyf fyrir sjúkratryggðan í eftirtöldum lyfjaflokkum og honum er lífsnauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „100“ eða „\*“ í gildandi lyfjaskrá („100“ í sérlyfjaskrá og „\*“ í lyfjaverðskrá I og II, sbr. ákvæði 13. og 32. gr. lyfjalaga nr. 108/1984):

|  | ATC-flokkur |
|--|-------------|
| a. Sykursýkilyf . . . . .  | A 10        |
| b. Storkupættir . . . . .  | B 02 BD     |
| c. Cýpróterón . . . . .  | G 03 HA 01  |
| c. Vasópressín og skyld lyf . . . . .                                    | H 01 BA     |
| d. Blóðsykurhækkandi lyf . . . . .                                       | H 04 A      |
| e. Krabbameinslyf og lyf til ónæmishindrunar eða ónæmisörvunar . . . . . | L           |
| f. Flogaveikilyf . . . . .   | N 03        |
| g. Lyf við Parkinsonsjúkdómi . . . . .                                   | N 04        |
| h. Gláku- og ljósopsþrengjandi lyf . . . . .                             | S 01 E      |

#### 3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir að hluta fyrir sjúkratryggðan, lyf í eftirtöldum lyfjaflokkum og honum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri, enda skulu lyfin auðkennd með „B“ í lyfjaskrá:

|  | ATC-flokkur |
|--|-------------|
| a. Lyf gegn þarmabólgu                     | A 07 E      |
| b. Vítamín D og skyld lyf                  | A 11 CC     |
| c. Hjartasjúkdómalyf                       | C 01        |
| d. Kalsíumblokkarar                        | C 02 DE     |
| e. Lyf með verku á renínangiótensín kerfið | C 02 E      |
| f. Beta-blokkarar                          | C 07        |
| g. Psoriasislyf                            | D 05        |
| h. Barksterar                              | D 07        |
| i. Barksterar, óblönduð lyf                | H 02 A      |
| j. Lyf við vanstarfsemi skjaldkirtils      | H 03 A      |
| k. Lyf við ofstarfsemi skjaldkirtils       | H 03 B      |
| l. Sérhæfð bólgueyðandi lyf                | M 01 C      |
| m. Sterk geðlyf (neuroleptica)             | N 05 A      |
| n. Geðdeyfðarlyf (antidepressiva)          | N 06 A      |
| o. Amínókínólínafbrigði                    | P 01 BA     |
| p. Astmalyf                                | R 03        |

Greiðslutilhögun þessara lyfja skal vera sem hér segir:

1. Fyrir hverja lyfjaáviðun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 12,5%, en þó aldrei meira en 1500 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem á vantar á fullt verð.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaáviðun. Af verði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 5%, en þó aldrei meira en 400 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.

#### 4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði lyfja, sem auðkennd eru með „E“ í lyfjaskrá með eftirfarandi hætti:

1. Fyrir hverja lyfjaáviðun greiðir sjúkratryggður fyrstu 500 kr. af verði lyfsins. Af verði lyfsins umfram 500 kr. greiðir sjúkratryggður 25%, en þó aldrei meira en 3000 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.
2. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu 150 kr. fyrir hverja lyfjaáviðun. Af verði lyfsins umfram 150 kr. skulu þeir greiða 10%, en þó aldrei meira en 800 kr. Tryggingastofnun ríkisins greiðir það sem vantar á fullt verð.

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefjaaukandi lyf) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E,O“ í lyfjaskrá og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

#### 5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau auðkennd með „O“ í lyfjaskrá:

- a. Lyf, sem fáanleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrá), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokki A 12 BA (kalíumlyf), D 05 AA (tjörur) og S 01 XA (gervitár), sem greiðast samkvæmt 4. gr.
- b. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir:
 

|        |  |
|--------|--|
| A 06 A | Hægðalyf   |
| A 11   | Vítamín, nema lyf í flokki A 11 CC, sbr. 3. gr. staflíð b. |
| B 04   | Blóðfitulækkandi lyf (serumlipidreducing drugs)            |

- D 11 AX Ýmis lyf til útvortis notkunar  
 G 03 A Hormónar, notaðir til getnaðarvarna  
 J 06 A Önæmissermi  
 J 07 Bóluefni (vaccina)  
 N 02 B Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf (antipyretica)  
 R 01 AA Adrenvirk (nef)lyf  
 R 02 Hálslyf (pharyngeal lyf)  
 R 05 Hósta- og kveflyf (nema lyf í flokki R 05 CB, slímþynnar (mucolytica), en þau skal greiða skv. 4. gr.)
- c. Lyf í eftirfarandi ATC-flokkum, þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 4. gr.:
- J 01 A Tetracyklínsambönd  
 J 01 C Beta-laktam sýklalyf, penicillín  
 J 01 D Önnur beta-laktam sýklalyf  
 J 01 E Súlfónamíðar og trímétóprím  
 J 01 F Makrólíðar (nema lyf í flokki J 01 FF, linkósamíðar, en þau skal greiða skv. 4. gr.)  
 J 01 M Kínólónar  
 N 05 B Róandi lyf (nema lyf í flokki N 05 BE, azaspíródekanafbrigði, en þau skal greiða skv. 4. gr.)  
 N 05 C Svefnlyf (nema lyf í flokki N 05 CB 02, barbítúrsýrusambönd í blöndum með öðrum efnum, en þau skal greiða skv. 4. gr.)  
 P Sníklalyf (nema lyf í flokki P 01 BC 01, kínín, en þau skal greiða skv. 4. gr. og lyf í flokki P 01 BA, amínókínólínafríð, en þau skal greiða skv. 3. gr.)

## 6. gr.

1. Í alveg sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri og eru auðkennd „E“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini, sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað eins og „B“-merktra lyfja, sbr. 3. gr.
2. Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri þó þau séu auðkennd „O“ í lyfjaskrá. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sem Tryggingastofnun ríkisins gefur út og er greiðslu þá háttað skv. 4. gr.

## Dæmi:

- a. Alvarleg truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi, áunnin eða meðfædd, Morbus Addisonii, meðfætt adrenogenital syndrome, meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica), vöðvaslenufár (myasthenia gravis) eða aðrir sjaldgæfir sjúkdómar.
  - b. Síendurteknar alvarlegar sýkingar.
3. Í sérstökum tilvikum þegar sjúklingur þarf nauðsynlega á því að halda að nota að staðaldri eða um lengri tíma fjölda lyfja samtímis, sem almannatryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að gefa út tímabundin lyfjaskírteini, sem undanþiggja sjúkling greiðslu tiltekinna lyfja.
  4. Lyfjaávisanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem auðkennd eru með „B“ í lyfjaskrá og falla undir eftirfarandi lyfjaflokka: N 04 A, andkólinvirk lyf; N 05 A, sterk geðlyf (neuroleptica); og N 06 A, geðdeyfðarlyf (antidepressiva).

## 7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er, að fengnum meðmælum Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, heimilt að taka þátt í kostnaði við óskráð sérlyf, sbr. 4. gr., sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984.

## 8. gr.

Pegar sjúkrahúsapótek, sem skv. reglugerð nr. 172/1991 um (2.) breytingu á reglugerð nr. 27/1983 um staðsetningu lyfjabúða og lyfjaútibúa hafa leyfi til lyfjasölu, afgreiða til sjúkratryggðra lyf, sem eru með afgreiðslumerkingu „S“ í lyfjaskrá og lyf, sem flutt eru inn samkvæmt undanþágu, sbr. 8. gr. lyfjalaga nr. 108/1984 og eingöngu eru notuð á sjúkrahúsum, tekur Tryggingastofnun ríkisins þátt í greiðslu lyfjakostnaðar skv. eftirfarandi:

Lyf í ATC-flokkum B, G, H, L, M og V skal greiða skv. 2. gr.

Lyf í ATC-flokkum A, C, J og N skal greiða skv. 6. gr., nema stungu- og innrennslislyf en þau skal greiða skv. 2. gr.

## 9. gr.

Lyfjanefnd, sbr. 27. gr. lyfjalaga nr. 108/1984, gerir tillögur um greiðslutilhögun sérlyfja til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, í samræmi við þær meginreglur, sem settar eru með reglugerð þessari.

## 10. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 67/1971 ásamt síðari breytingum öðlast gildi 18. janúar 1993. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 300/1991 með sama heiti ásamt áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1992.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

## GJALDSKRÁ

### vegna hundahalds í Húsavíkurkaupstað 1993.

## 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 21. nóvember 1991, skal vera kr. 7 000,00 á árinu 1993.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, eindagi er 1. júlí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

## 2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6 000,00 ef til handsömunar kemur aftur.

## 3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.